

Fundur í fagráði nautgriparæktar 28. mars 2022

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 28.mars 2022 og hófst kl. 13.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigurbjörg Bergsdóttir, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Sigtryggur Veigar Herbertsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat
3. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 25. janúar 2022, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem var keyrt núna í mars. Flest þeirra nauta sem hafa verið notkun standa í stað eða hækka eilítið í mati með undantekningum þó.

Ákveðið að taka Kláus 14031, Risa 15014, Köngul 15019, Álm 16007 og Hött 16028 úr dreifingu en önnur naut verði áfram í dreifingu.

Ný naut í dreifingu verða Kopar 17014, Flýtir 17016, Stæll 17022 og Jötunn 17026.

Nautsfeðralisti verður óbreyttur.

3. Önnur mál.

Formaður nefndi að fagráði hefðu borist ályktanir frá búgreinapingi BÍ og þær yrðu teknar fyrir á sérstökum fundi sem stefnt er að verði í næstu viku.

Hermann nefndi nauðsyn þess að birta hæð dætra nautanna hjá hverju og einu nauti í nautaskrá og hvort hægt væri að reikna kynbótamat fyrir eiginleikann. Guðmundur og Þórdís svöruðu því til að hvoru tveggja ætti að vera framkvæmanlegt en þó yrði kynbótamatið að bíða þess að tími ynnist til en í dag lægi margt fyrir í uppfærslu kynbótamats í tengslum við erfðamengisúrval.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Sigurbjörg Bergsdóttir
(sign.)

Þórdís Þórarinsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 25. janúar 2022
2. Niðurstöður kynbótamats í mars 2022